

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.180 frá 1. mars 1991 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 25. febrúar 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

21. febrúar 1991

Nr. 88

REGLUGERÐ

um Starfsmannaráð Póst- og símamálastofnunarinnar.

1. gr.

Hjá Póst- og símamálastofnun skal vera starfsmannaráð skipað á eftirfarandi hátt:

- Framkvæmdastjórar aðaldeilda Póst- og símamálastofnunar (fjármáladeild, tæknideild, umsýsludeild og viðskiptadeild) og umdæmisstjóri í Umdæmi I. Auk þess einn samkvæmt tilnefningu póst- og símamálastjóra.
- Formaður Félags íslenskra símamanna og einn fulltrúi tilnefndur af félaginu.
- Formaður Póstmannafélags Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af félaginu.
- Formaður Félags háskólamenntaðra póst- og símamanna.
- Fulltrúi félaga innan stofnunarinnar í ASÍ skal eiga þess kost að mæta á fundum ráðsins með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt, þegar fjallað er um stöður innan ASÍ.

2. gr.

Starfsmannaráð kýs sér formann til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stjórnenda Póst- og símamálastofnunar. Formenn Félags ísl. símamanna og Póstmannafélags Íslands skulu gegna stöðu varaformanns til skiptis eitt ár í senn. Starfsmannaráð kýs sér enn fremur ritara og vararitara.

Falli atkvæðin jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Starfsmannaráð skal halda fund minnst einu sinni í mánuði.

Starfsmannaráð getur ákveðið fasta fundardaga og haldið aukafundi eftir því sem þörf krefur, svo og ef a.m.k. þrjár atkvæðisbærir ráðsmenn krefjast. Formaður boðar fundi með dagskrá og stjórnar þeim. Fundir eru ályktunarbærir, ef 8 ráðsmenn eru mættir, enda hafi allir verið boðaðir. Að jafnaði skal ekki afgreiða mál, er heyra undir einhvern fulltrúa stofnunarinnar í ráðinu, að honum fjarstöddum, né heldur mál er varða starfsfólk að fjarstöddum fulltrúum viðkomandi félags.

Halda skal gjörðabók, þar sem fundarefni og afgreiðsla mála er skráð. Ef ráðið er ekki sammála hafa einstakir ráðsmenn rétt á að fá bókuð stutt efnisleg sérálit. Afgreiðsla mála og